

Nd.

62. Frumvarp til laga

[55. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.

Þegar verksmiðjustjórn samkv. 8. gr. þessara laga áætla og ákveður kostnaðarverð á áburði, skulu taka sæti í stjórn verksmiðjunnar tveir menn til viðbótar þeim fimm, sem kosnir eru samkv. 1. málsg. þessarar greinar. Skulu þessir tveir menn tilnefndir, annar af stjórn Stéttasambands bænda, hinn af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Þeir skulu hafa atkvæðisrétt um verðlagningu áburðarins og að-

stöðu til þess að kynna sér forsendur hennar. Þá skulu þeir og hafa ákvörðunarrétt um, hvaða tegundir áburðar skuli framleiddar í verksmiðjunni.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum sparisjóðsvöxtum af upphæðinni, frá því þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verð, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, skipuð einum manni frá hverjum þingflokki, rannsakað allt, sem varðar tæknilegt gildi og efnahagslegan rekstur verksmiðjunnar, jafnvel frá upphafi, ef þurfa þykir, og síðan samþykkt að greiða hærra en nafnverð mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunar-efnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem íprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánnum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera rekin sem hlutafélag. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögín líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutfjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Nú veit það hver maður, sem eitthvað þekkir inn í venjulegan hlutafélaga-rekstur, að hluthafi er eigandi að jafnstórum hlut í viðkomandi hlutafélagi og hlutabréfaeign hans segir til um. Það virðist einnig sýnilegt, að þá reglu eigi að nota til þess að koma eignarrétti yfir áburðarverksmiðjunni í hendur þessa hlutafélags, þótt 3. gr. laganna kveði skýrt á um, að hún eigi að vera sjálfseignarstofnun.

Á næstu árum eftir samþykkt frv. í þessari mynd gerðust svo þau tíðindi, að tveir forustumenn Framsóknarflokksins, þeir Hermann Jónasson, er þá var um

nokkurt skeið landbúnaðarráðherra, og Eysteinn Jónsson, er löngum var fjármálaráðherra, tóku að lýsa yfir því úr ráðherrastóli á Alþingi, að verksmiðjan væri eign hlutafélagsins, þótt skýrum orðum stæði í lögnum, að hún væri sjálfseignarstofnun. Var þessum yfirlýsingum strax harðlega mótmælt og átalið, að ráðherrar væru að reyna að breyta skýrum lagaákvæðum með yfirlýsingum á Alþingi, er bakað gætu ríkinu stórtjón.

Áburðarverksmiðjan mun hafa kostað um 130 millj. kr. Þar af nemur hlutaféð 10 millj., og skulu aðrir hluthafar en ríkið eiga $\frac{2}{5}$ hluta þess, eða 4 millj. kr. Allt hitt fjármagnið verður ríkið að leggja fram sem hlutafé eða lán. Þessi lán, sem samkvæmt þessu mundu nema um 120 millj., eiga að greiðast af notendum áburðarins í áburðarverðinu. Það liggja einnig fyrir ráðherraýfirlýsingar um það. Fjármagn þetta, sem að nokkru leyti er fé mótvirðissjóðs, er ríkið lánar verksmiðjunni, eða lán, sem ríkið tekur erlendis og endurlánar fyrirtækinu, á að greiðast á 20 árum með 5–6% vöxtum.

Óhætt mun að fullyrða, að áburðarverksmiðjan sé nú um 350 milljón króna virði. Þeir menn, sem halda því fram, að einkahluthafar, sem á sínum tíma lögðu fram 4 millj. kr. í hlutafé, eigi verksmiðjuna, eru í huga sínum að gefa þessum einkahluthöfum 140 milljóna króna eign, þegar afskriftum er lokið.

Áburðarverksmiðjan er reikningslega gott fyrirtæki. Hreinar tekjur verksmiðjunnar 1961 eru, ef farið er að lagafyrirmælum, um 12 milljónir króna.

Það má því ekki seinna vera en nú, að Alþingi taki af öll tvímæli um, að ríkið eigi þessa miklu verksmiðju að fullu. Meðan núverandi 13. gr. er látin haldast, vofir meira að segja alltaf yfir sú hættu, að allri verksmiðjunni sé stolið úr eign ríkisins með því að selja einstökum einkahluthöfum einnig hlutabréf ríkisins. Má í því sambandi minna á þá yfirlýsingu, er núverandi bankastjóri Framkvæmdabankans gaf á fundi fjárhagsnefndar efri deildar á þingi 1952, að tilætlunin væri að selja hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni síðar meir.

Ég dreg mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlað til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur er líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að ráðherrar fara að lýsa yfir þeim skilningi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Það er því sjálfsgagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætíð var fyrirhugað þangað til á allra síðustu stundu málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki eigi ekki að komast í eign einkaaðila.

Það er því aðalatriðið í þessu frv. að slá föstu, svo að ekki verði frammar umdeilt, eignarrétti ríkisins á verksmiðjunni.

Þó hef ég í þetta sinn bætt við 4. gr. ákvæðum, sem veita bændum nokkuð aukinn rétt í viðskiptum sínum við verksmiðjuna sem kaupendum afurða hennar: vald við verðlagningu og ákvörðun áburðartegunda. Er ákvæði þessi nýmæli í lögum og rétt, að þau séu reynd við þetta mikla ríkisfyrirtæki.

Það mun ætlun yfirvalda að þrefalda framleiðslu áburðar fram til ársins 1980. Er þá því meiri nauðsyn á, að áður en slíkar ákvarðanir séu endanlega teknar, sé allt komið á hreint um eignarrétt ríkisins á verksmiðjunni, svo og gert öruggt, að þar verði framleiddar þær áburðartegundir, sem bændur vilja og landbúnaðurinn þarfnast.

Ég hef áður flutt frv. um þetta mál og flyt það nú í nokkuð nýrri mynd, og skulu ástæður til þess skýrðar nánar í framsögu.